



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2021

Apríl 2022

Kristinn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2021	5
3.i	Vor- og miðönn 2021	5
3.ii	Haust- og miðönn 2021	5
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	7
5	Sjálfsmat	7
6	Námsframboð	8
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	9
7.i	Stærð húsnæðis	9
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2021	9
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2021	9
7.iv	Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2020 greind eftir kynjum	10
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2021	11
7.vii	Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018 og 2019	11
8	Starfsfólk	11
8.i	Skólanefnd FG	11
8.ii	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2020	12
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	12
8.iv	Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans	12
8.v	Hverjir teljast til stjórnenda skólans	12
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks	13
8.vii	Starfsaldur kennara í FG	13
8.viii	Kennsluhættir í FG	13
9	Fjármál skólans	14
	Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára	15

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Loftslagsstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Umhverfisstefna/Samgöngustefna](#)

Áætlanir

- [Barnavernd](#)
- [Eineltismál](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)

Reglur

- [Skólareglur](#)
- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi vímuefni](#)
- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)

- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um mat/stöðupróf á erlendri tungumálakunnáttu](#)
- [Reglur um notkun á tölvubúnaði](#)
- [Umgengnisreglur](#)

2 Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára

Nú er ekki lengur gerður skólasamningur. Þess í stað leggur skólinn á hverju ári fram stefnuskjal til þriggja ára og er það endurskoðað á hverju ári. Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2021. Sjá má það stefnuskjal í viðauka. Stefnuskjalið var samþykkt hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Að hausti 2020 var lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Sett voru fram markmið og verður gerð grein fyrir þeim. Ekki er tímabært að fara yfir þau markmið sem sett voru í nóvember 2021, en þau má sjá í viðauka á bls. 17.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram þrjú markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Á árinu 2021 útskrifuðust 70% þeirra sem voru með b og hærra í kjarnagreinum á þremur árum.
2. **Bæta árangur í námi.** Þetta markmið hófst haustið 2019. Hafa ber í huga að Covid-19 getur hafa haft áhrif á niðurstöður.
Sett var markmið um að skólasókn yrði 85% raunmæting skólaárinu 2020-2021. Niðurstaðan var 91% raunmæting.
Sett var markmið um að meðaleinkunn yrði 6,5 á skólaárinu 2020-2021. Niðurstaðan var 6,87.
Kennslumat er áfram framkvæmt í FG og var meðaltal kennslumats á árinu 2020-2021 8,66 af 10 mögulegum.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram tvö markmið.

1. **Tölvur, tæki, búnaður og þarf með talinn hugbúnaður sé í samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð.**
Hér hefur náðst mikill árangur á undanförunum árum. Búið er að endurnýja að hluta eða öllu leyti 10 stofur. Búið er að panta húsgögn í tvær til viðbótar. Kennarar hafa greiðan aðgang að þeim hugbúnaði sem þarf og þeir vilja. Allir kennarar fengu nýjar fartölvur haustið 2020 og settar „tengidokkur“ á öll vinnuborð og í allar stofur. Allir nýir kennarar fá fartölvur í hendur.
2. **Draga úr umhverfisáhrifum.** Skólinn hefur lokið öllum fimm Grænum skrefum í ríkisrekstri. Starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamning og hefur talsverður hópur starfsmanna þegið það og kemur til vinnu með umhverfisvænum hætti. Skólinn hefur lokið [loftlagsstefnu](#) og birt á heimasíðu sinni.

3 Starfsemin skólaárið 2021

3.i Vor- og miðönn 2021

Skólahald eftir jólafrí hófst með skipulagsdegi. Fyrir jól höfðu verið takmarkanir á skólahaldi vegna Covid. Svo var einnig eftir áramót en talsvert var búið að liðka fyrir kennslu. Grímuskylda var í skólunum þar sem ekki var hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð milli fólks. Verklegir áfangar í listnámi, á sérnámsbraut og ýmsir fámennir áfangar voru kenndir að fullu í staðnámi. Að lokinni fyrstu viku var að mestu farið í fullt staðnám en kennarar höfðu áfram þann möguleika að hafa einhverja tíma í fjarkennslu.

Þemadögum skólans og árshátíð nemenda var aflýst vegna Covid og má segja að félagslíf nemenda hafi verið áfram takmarkað þar sem sóttvarnareglur takmörkuðu mjög þann fjölda sem mátti koma saman.

Kennslu miðannar lauk 11. febrúar og hófust próf næsta dag. Brautskráning miðannar var 26. febrúar og brautskráðust 33 nemendur sem stúdentar að þessu sinni. Sjö af viðskiptabrautum, sjö af hönnunar- og markaðsbraut, fimm af félagsvísindabraut, fimm af listnámsbrautum, fjórir af náttúrufræðibraut, þrír af íþróttabraut og tveir af alþjóðabrautum.

Kennsla á vorönn hófst 24. febrúar. Talsverður hópur sótti um skólavist á þessari önn og voru rúmlega 30 nemendur teknir inn. Voru það að mestu nemendur sem höfðu ekki komist að í skólanum á haustönn.

Grímureglur voru í gildi og áfram var áhersla á sóttvarnir. Kennsla var færð alfarið í fjarkennsluform vegna Covid síðustu tvo dagana fyrir páska. Eftir páska hafði ástandið lagast og var kennsla að fullu í staðnámi og var svo út vorönnina. Lítið félagslíf var hjá nemendum en þó tókst að fara í skíðaferð til Akureyrar og tókst hún mjög vel þó talsvert basl hefði verið með gistingu á Akureyri og skólameistari hafi séð sig knúinn til að senda bréf til Íþróttafélagsins Þórs með afriti til Eldvarnareftirlits Slökkviliðs Akureyrar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna málsins.

Kennslu vorannar lauk 18. maí og hófust próf næsta dag. Brautskráning fór fram 29. maí og voru að þessu sinni brautskráðir 95 nemendur: tuttugu og sex af listnámsbrautum, sautján af náttúrufræðibraut, þrettán af félagsvísindabraut, tólf af hönnunar- og markaðsbraut, ellefu af íþróttabraut, átta af viðskiptabrautum, fjórir af alþjóðabrautum, þrír af sérnámsbraut og einn með lokapróf af framhaldsskólabraut.

3.ii Haust- og miðönn 2021

Aðsókn að skólanum á haustönn 2021 var góð en minni en á síðustu tveimur árum. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá aðsókn að skólanum frá árinu 2008.

2021	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	323
2020	FG	Val 1	260
	FG	Val 2	370
2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313

2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244
2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300
2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190
	FG	Val 2	273
2010	FG	Val 1	181
	FG	Val 2	247
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Teknir voru inn 200 nýnemar og 41 annar nemandi á haustönn 2021. Nemendafjöldi var um 750 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Skólinn var með heimild fyrir 760 ársnemendum á árinu 2021 og skilaði á árinu fjölda sem var mjög nálægt þeirri tölu.

Það er orðið mjög mikilvægt að byggja við skólann. Ekki hefur verið unnt að auka fjarnám eða þróa nýjar námsleiðir við skólann vegna skorts á húsnæði og nemendaígilda.

Haustönnin hófst með starfsmannafundum 17. ágúst og námskeiði eftir hádegi fyrir þá sem vildu. Kennsla hófst samkvæmt stundarskrá 19. ágúst. Grímuskylda var enn í gangi en nemendur máttu nú taka niður grímur í kennslustundum. Kennsla var að langmestu leyti í staðnámi en í einhverjum tilfellum var kennt í fjarkennslu. Talsvert var búið að slaka á reglum um sóttkví og voru miklu færri nemendur sendir í sóttkví en áður en talsvert margir nemendur og starfsmenn fengu Covid á önninni

og þurfti meðal annars að loka mötuneytinu tímabundið vegna Covid smita.

Talsverður styr stóð um bloggskrif starfsmanns skólans og sendi skólameistari af því tilefni fjölpóst til nemenda, forráðamanna þeirra og starfsmanna skólans. Félagslíf nemenda var af skornum skammti en þó létti til um miðbik annarinnar og nemendum tókst að halda nýnemadansleik 30. september. Eftir það syrti í álinn í sóttvarnarmálum og var ekki unnt að halda fleiri dansleiki fyrir áramót.

Kennslu haustannar lauk 29. október og hófust próf 1. nóvember. Brautskráning fór fram 19. nóvember og brautskráðust þá 38 nemendur: tólf af hönnunar- og markaðsbraut, sex af viðskiptabrautum, fimm af listnámsbrautum, fjórir af félagsvísindabraut, fjórir af íþróttabraut, þrír af alþjóðabrautum, þrír af náttúrufræðibraut og einn með lokapróf frá FG.

Kennsla miðannar hófst 16. nóvember og voru enn sömu sóttvarnareglur og höfðu verið alla haustönnina. Kennsla var í staðnámi að fullu. Mikið var um veikindi meðal nemenda og starfsmanna alla önnina. Nýtt afbrigði Covidveirunnar kom í lok ársins og smit jukust verulega. Lítið alþjóðstarf var á önninni en þó kom hópur á vegum Erasmus í heimsókn og hópur á okkar vegum fór til Þýskalands. Vonandi tekst að auka alþjóðastarf á næstu önnum.

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundu. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og starfsmanna. Foreldraráðið var að mestu óvirkt á skólaárinu 2020 - 2021. Skólinn hefur hins vegar lagt mikla áherslu á að halda foreldrum upplýstum og hefur sent mikinn fjölda tölvupósta og haldið opna rafræna fundi fyrir foreldra. Á yfirstandandi skólaári hefur foreldraráðið verið til staðar og stendur til að auka virkni þess.

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Það sem hefur þó helst staðið starfseminni fyrir þrifum er þátttökuleysi foreldra. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með tölvupósti en skólinn sendir af og til tölvupóst til forráðamanna með upplýsingum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum edrúpotti sem við munum kalla „fyrirmyndarpott“ í framtíðinni.

5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG og á hverju ári er gerð skýrsla um sjálfsmat og er hún birt á heimasíðu skólans. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG. Gæðaráð sem fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Á samráðsfundum er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar, 2 námsráðgjafar og félagsmálafulltrúi. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni. 2021 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Árleg úttekt á einni námsgrein/námsbraut sem fyrirhuguð var í desember 2021 var frestað vegna Covid ástandsins. Ytri úttekt veitir heildaryfirsýn yfir starfsemi stofnunar og í því felast tækifæri til að breyta og bæta starfseminu enn betur. Niðurstöðu ytri

Úttektar má sjá á eftirfarandi slóð:

https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttektingir/fjolbrautaskolinn_i_gardabae_19.pdf

Umbótaáætlun var lögð fram í framhaldi af ytri úttekt og má sjá hana á eftirfarandi slóð:

<https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttektingir/endurskodud-umbotaaetlun-jan-2020-vegna-ytra-mats.pdf>

Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem unnið er að hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á annarri hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum. Kennarar hafa séð sóknarfæri í þessum könnunum nýta þau samtöl sem þeir eiga við skólameistara eða aðstoðarskólameistara um niðurstöður. Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar átta sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfmatsskýrslum skólans](#).

6 Námsframboð

Allar stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Því eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2019:

Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið

- leiklistarsvið
- myndlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðissvið
 - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - hagfræðisvið
 - viðskiptasvið
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)
- Styttri brautir
 - Framhaldsskólabraut
 - Menntabraut

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2021

	2014		2015		2016	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjöldi nem.	678	766	672	725	642	736
	2017		2018		2019	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
	669	722	659	725	629	712
	2020			2021		
	Mið	Vor	Haust	Mið	Vor	Haust
	692	699	735	698	675	744

7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2021.*

Ár	Miðönn % **	Vor %	Haust %	Alls á ári
2014		11/678=1,6%	18/766=2,3%	29
2015		17/672=2,5%	11/725=1,5%	28
2016		11/642=1,7%	11/736=1,5%	22
2017		11/699=1,6%	13/722=1,8%	24
2018		9/659=1,4%	8/725=1,2%	17
2019		4/629=0,6%	5/712=0,7%	9

2020	9/633=1,4	1/699=0,1	2/735=0,3	12
2021	12/698=1,7	3/675=0,4	0/744=0%	15

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

** Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2019 og lauk í febrúar 2020.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur reynt að mæla brottvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárið 2019-2020 hjá FG er að brottfall er 0,0% en tilfærsla 5,4% en það eru þeir sem halda áfram námi en fara í aðra skóla. Sjá meðfylgjandi töflu.

Skólaárið 2019-2020

Framhaldsskóli	Brotthvarf	Tilfærsla	Fjöldi
Árgangur	4,0%	8,3%	4002
FG	0,0%	5,4%	184


7.iv Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2021 greind eftir kynjum.

Námsbr.	2015		2016		2017		2018		2019		2020		2021	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Alþjóðabrautir	12	47	17	53	19	62	16	53	16	37	11	30	7	22
Fatahönnun	4	28	2	18	1	16	5	15	5	12	4	17	3	25
Félagsvísindi	37	64	29	71	21	61	29	60	19	49	27	48	14	53
Framhaldsskólabraut	12	10	13	14	19	12	17	18	15	8	11	5	1	
Hönnunar- og markaðsbraut	6	17	7	21	10	25	20	37	30	53	31	54	38	63
Íþróttabraut	55	25	61	19	62	30	57	27	58	30	55	29	52	32
Leiklist	26	66	26	74	26	71	28	77	29	57	24	54	20	53
Menntabraut										1				
Myndlist	14	42	17	48	14	45	15	36	11	34	9	32	6	43
Náttúrufræðibrautir	86	64	73	56	53	59	39	55	64	55	75	53	69	47
ST2	10	4	8	6	10	4	9	9	10	11	11	12	12	13
Viðskiptabrautir	58	35	69	30	67	42	66	42	68	35	96	47	110	60
Samtals	320	402	322	411	302	428	301	429	325	382	354	381	332	411
		722		733		730		730		707		735		743

7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitarfélögum haust 2021

Nemendur eftir sveitarfélögum haustið 2021	
Garðabær	254
Kópavogur	233
Hafnarfjörður	92
Reykjavík	72
Garðabær - Álftanes	32
Suðurnes	26
Landsbyggð	21
Mosfellsbær	11
Setjarnarnes	2

743



7.vi Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2020

Hópar	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021
Viðmiðunarstærð 25-28	23,2	25,5	24,4	25	25,9 (102 hóp.)	24,5 (107 hóp.)
Viðmiðunarstærð 22-26	19,6	20,8	19,2	20,8	21,1 (11 hóp)	21,6 (11 hóp)
Viðmiðunarstærð 15-18	14,5	16,4	15,34	14	15,4 (14 hóp.)	15,7 (19 hóp.)
Viðmiðunarstærð 12-14	9,6	9,9	10,3	11,8	11,2 (6 hóp.)	11,0 (5 hóp.)
Fornámsáfangar 15-18	13,3	13,2	13,4	12	8,5 (2 hóp.)	17 (1 hóp.)

8 Starfsfólk

8.i Skólanefnd

Ný skólanefnd var skipuð í mars 2021

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Frosti Logason, varaformaður
- Kristín Soffía Þorsteinsdóttir
- Sara Dögg Svanhildardóttir
- Sigurjón Jónsson
- Fríða Gylfadóttir, fulltr. ken.
- Helgi Már Herbertsson, fulltr. nem.
- Hrefna Ævarsdóttir, fulltr. foreldraráðs

8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2021

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri			1	100%	1	100%
Bókavörður			2	150%	2	150%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%
Framhaldsskólakennari	14	1330%	36	3313%	50	4643%
Kennsluráðgjafi			1	33%	1	33%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Matráður			1	100%	1	100%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			3	300%	3	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi	1	100%	1	100%	2	200%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
Samtals	19	1780%	51	4671%	70	6451%

8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46,71
- Aðrir starfsmenn 14,3

8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1. nóv. 2017
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir

- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir / Hrafnhildur Guðmundsdóttir haust 2019
- Húsvörður – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 48 68,6%
- Karlar 22 31,4,0%

8.vii Starfsaldur kennara í FG

Við FG = 11,7 ár

8.viii Kennsluhættir í FG

Haustið 2019 tókum við upp þriggja anna kerfi. Markmiðið var að bæta árangur nemenda og stuðla að breyttum kennsluháttum og fjölbreyttu námsmati.

Eftir tvö skólaár meira eða minna í Covidástandi er erfitt að segja hversu vel þessi breyting skilaði sér. Hvort við höfum náð þeim markmiðum sem við stefndum að. Við höfum aðeins haft tvær annir án Covid.

Það jákvæða sem kom út úr þessu Covidástandi var að kennarar neyddust til að breyta kennsluháttum og beita fjölbreyttara námsmati. Kennarar notuðu Zoom ásamt fjölbreyttum forritum sem studdu við nýjar nálganir í kennslu. Þó þetta hafi reynt á bæði kennara og nemendur er margt sem situr eftir. Það mikilvægasta er að margir kennarar eru tilbúnari en áður að stíga út fyrir þægindaramma sinn og prófa eitthvað nýtt. Margir kennarar öðluðust meira öryggi í netheimum hvort sem það var í notkun á Zoom eða þeirri fjölbreyttu flóru forrita sem notuð voru.

Sú áskorun situr samt eftir, hvað svo? Greinilegt er að þreyta eftir þetta erfiða tímabil situr í kennurum. Hvaða áhrif það mun hafa á fjölbreytni kennsluaðferða og námsmats á eftir að koma í ljós. Hvort þriggja anna kerfið hafi uppfyllt vonir okkar á eftir að koma í ljós. Vonandi fáum við heilt skólaár með þriggja anna kerfi án Covid.

Kennsluráðgjafi skólans starfar enn í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla. Kennsluráðgjafinn nýttist vel á fyrstu dögum Covid þar sem hún gat ráðlagt kennurum um leiðir til að ná til nemenda. Kennsluráðgjafi og verkefnastjóri hafa staðið að stuttum námskeiðum á skólaárinu. Námskeið eins og að vinna með hlaðvarp, notkun á Padlet og margt annað. Kennsluráðgjafi hefur búið til mörg myndbönd sem kennarar geta notað. Um er að ræða myndbönd um hvernig á að nota Inspera, Padlet eða INNU. Einnig geta kennarar leitað til hennar ef þeir þurfa aðstoð.

Í upphafi skólaársins voru námskeið í notkun Inspera og námskeið sem bar heitið Sögur úr kennslustofunni, þar sem kennarar deildu sögum sínum um kennsluaðferðir og fjölbreytt námsmat. Það er mjög mikilvægt að gefa kennurum tækifæri til að tjá sig og að hlusta á aðra.

Við höldum áfram að nota prófakerfið Inspera. Á þessu skólaári voru það 18 kennarar sem notuðu það. Í lok skólaársins verður tekin ákvörðun um hvort við höldum áfram með Inspera eða ekki. Helstu kostir þess eru að hægt er að vera með lokuð próf á rafrænan hátt til að koma í veg fyrir svindl.

Einnig er gott að búa til fjölbreytt próf í forritinu.

Áfram heldur sú þróun að lokaprófum hefur fækkað. Skiptar skoðanir eru innan skólans um hvort þetta sé góð þróun eða ekki. Það sem hefur komið í staðinn eru námsmatsdagar á önninni þar sem kennurum gefst tími til að fara yfir verkefni og vera með sjúkrapróf fyrir þá nemendur sem voru veikir í prófum á önn. Almenn ánægja er með námsmatsdagana.

9 Fjármál skólans

Fjárhagsstaðan er góð og vel innan ramma fjárlaga fyrir árið 2021. [Í ársreikningi stendur eftirfarandi.](#)

„Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.180,1 milljónir og afkoma kr. 10,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 114,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 218,0 milljónir.“

Áfram voru húsgögn endurbætt á þessu ári og tölvubúnaður endurnýjaður. Alls numu fjárfestingar tæpum 17 milljónum króna.

Samkvæmt fjárlögum fær skólinn 1.140.500.000 íkr. úr ríkissjóði fyrir árið 2021 og þar af 25,4 milljónir til fjárfestinga. Skólinn lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2022 í desember og gerir að óbreyttu ekki ráð fyrir vandræðum við rekstur skólans á árinu 2021. Helstu áhættur í rekstri eru veikindi starfsmanna. Þrátt fyrir talsverð veikindi á síðasta ári tókst að ná frumjöfnuði innan ársins.

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2022-2024

Ríkisaðili	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið				
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður Kristinn Þorsteinsson						
A	Kjarnastarfsemi						
<p>Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt listnám, íþróttabraut auk bóknáms. Staðfestar stúdentsprófsbrautir eru 7 og skiptast þær niður á nokkur svið. Að auki er starfrækt sérnámsbraut fyrir fatlaða. Stúdentsprófsbrautirnar eru skilgreindar sem 3ja ára brautir. Á heimasíðu skólans koma fram kröfur sem nemandi þarf að uppfylla við innritun til að komast inn í áfanga á 2. þrepi í kjarnagreinum. Skólanámskrá skólans, síðast endurskoðuð í október 2020, er birt á vef hans sem og brautalýsingar.</p> <p>Skólinn býður upp á náms-og starfsráðgjöf, ráðgjöf í forvörnum, forvarnafulltrúa, hinsegin fulltrúa og við skólann starfar félagsmálafulltrúi nemenda og alþjóðafulltrúi. Nemendur sem þurfa á sálfræðiráðgjöf að halda fá viðtöl á vegum skólans.</p> <p>Í skólanum eru um 700 nemendur að meðaltali í dagskóla. Á haustönn 2021 eru 745 í dagskóla og 56 í fjarnámi. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, þráðlaust net og mótuneyti fyrir nemendur og kennara.</p> <p>Tekið var upp þriggja anna kerfi haustið 2019, það er fjögurra ára tilraunaverkefni og verður árangur metinn að því loknu.</p> <p>Markmið skólans tengjast markmiðum ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur hér að neðan.</p>							
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

A1	Hækka hlutfall þeirra nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma. Miðað við að nemendur ljúki stúdentsprófi		Fjöldi útskrifaðra nemenda með B eða hærra úr grunnskóla í kjarnagreinum á 9 öðrum af þeim sem eru enn í skólanum og innrituðust vor 2017 - 2019 - 2021	Útskriftarlisti nemenda	62,1%	68%	70%

Tengist markmiði málaflokks

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A1.1	Áframhaldandi þróun þriggja anna kerfis.	2014	Endurskoðað 2022
A1.2	Fjölbreyttir kennsluhættir, námskeið fyrir kennara og áherslubreytingar í námsmati	2017	Viðvarandi
A1.3	Gerð skýrsla um hlutfall útskrifaðra nemenda.	2108	Viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A2	Bæta árangur í námi.		Skólasókn	Skólasóknar- einkunnir	88% raunmæting að frádregnum W og L skólaárið 2019-2020	89% raunmæting að frádregnum W og L skólaárið 2021-2022	90% að raunmæting frádregnum W og L skólaárið 2023-2024
			Einkunnir nemenda	Einkunnalistar og meðaleinkunn anna	6,76 meðaltal 2019-2020 reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU	6,80 meðaltal 2021-2022 reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU	6,85 meðaltal 2023-2024 reiknast frá einkunna- dreifingu í INNU
Tengist markmiði málaflokks							
Hlutfall þeirra sem ljúka prófi á tilskildum tíma fari í 60% árið 2020 í samræmi við markmið þau sem fram koma í Hvítbók. Skólinn nái að höfða til sem flestra nemenda. Til þess þarf hann að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu sem miðar að því að nemendur fái notið sín á eigin forsendum.							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Skýrslugerð um einkunnir og skólasókn					2016	2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

A2.2	Yfirlit yfir skólasókn sent á nemendur og forráðamenn yngri en 18 ára á tveggja vikna fresti. Viðvörðunarbref send til þeirra sem eru með óásættanlega mætingu eða miðannarmat á miðri önn og í lok annar.					2019	Viðvarandi
						Viðvarandi lengi	Viðvarandi
A2.3	Kennarar skrá miðannarmat og þannig er hægt að fylgjast með námsframvindu nemenda þegar önnin er hálfnuð og grípa til ráðstafana ef á þarf að halda.					Viðvarandi lengi	Viðvarandi
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3							
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1							

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

A3.2			
A3.3			

B	Rekstrarþættir
	<p><i>Skipulag rekstrar er hefðbundið og miðar að því að styðja við meginstarf skólans sem er kennsla og þjónusta við nemendur. Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur áherslu á heilbrigði líkama og sálar. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum og hefur þegar lokið fjórum skrefum og stefnir að því að ljúka því fimmta fyrir árslok 2021.</i></p> <p><i>Á haustönn 2021 starfa samtals 73 starfsmenn við skólann, 53 konur og 20 karlmenn. Kennarar eru 55 þar af 39 konur og 16 karlmenn, fjöldi stöðugilda er 46,6. Meðalaldur kennara er 51 ár og þeir hafa allir réttindi til að kenna þær greinar sem þeir kenna. Yfirstjórn hefur ekki aukist frá 2003 og samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra (50%) og fjármálastjóra og er meðalaldur 58,4 ár. Auk þess eru 2 kvenkyns náms- og starfsráðgjafar í 200% starfshlutfalli. Skólaárið 2021-2022 eru 3 konur í yfirstjórn og tveir karlar.</i></p> <p><i>Eftirfarandi eru birtar stefnur skólans: Stefnuskra skólans, Heilsustefna, Jafnréttisstefna, Loftslagsstefna, Persónuverndarstefna, Stefna skólans í forvörnum, Umhverfisstefna/samgöngustefna og Starfsmannastefna.</i></p> <p><i>Innra mat skólans er fjölbreytt og tekur til allra þátta skólastarfsins. Kennslukönnun er lögð fyrir nemendur á hverri önn í öllum áföngum skólans. Henni er fylgt eftir með samtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara. Ein námsgrein / námsdeild er tekin út á hverju skólaári. Um viðamikla úttekt er að ræða sem er þríþætt. Könnun er lögð fyrir nemendur, kennslustundir allra kennara deildarinnar eru heimsóttar og persónuleg viðtöl eru tekin við kennarana. Allt innra mat skólans hefur verið sett upp í töflu og birt í sjálfsmatsskýrslum sem birtar eru á heimasíðu skólans.</i></p> <p><i>Sjá má stefnuskrá skólans og aðrar stefnur hér.</i></p> <p><i>Ytra mat skólans er í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Gerð var ytri úttekt á skólanum á vorönn 2019 og umbótaáætlun skilað inn í janúar 2020.</i></p> <p><i>Rekstur skólans gengur vel. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2020 var rekstrarafgangur ársins 12,6 milljónir og hrein eign kr. 103,3 milljónir í árslok og eignir samtals 199 milljónir.</i></p>

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir										
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024				
B1	Tölvur, tæki, búnaður og þar með talinn hugbúnaður sé í samræmi við þarfir skólans og í fremstu röð	Kortlagning búnaðar stöðumat búnaðar og þarfagreining	Eignaskrá, könnun innan deilda	Búið að endurnýja tölvur allra kennara. Byrjað að bæta lýsingu í skólanum. Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar	Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar. Endurnýjun á þráðlausu kerfi. Búið að innleiða notkun á prófaforritinu Inspira	Þrjár stofur til viðbótar endurnýjaðar. Byrjað að endurnýja tölvur starfsmanna				
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir				
B1.1	Endurnýja tölvur, tæki og hugbúnað í skólanum				2018	Viðvarandi				

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

B1.2	Endurnýja 1 – 3 kennslustofur á önn				2018	Viðvarandi
B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Starfsandi sé mjög góður	Staða í stofnun ársins	Stofnun ársins	Næst efst í flokki meðalstórra og stórra stofnana	Í hópi fimm efstu í stofnun meðalstórra og stórra stofnana	Í hópi fimm efstu í stofnun meðalstórra og stórra stofnana
		Jafnlaunavottun	Útkoma í jafnlaunavottun	Engin launamunur milli kynja fyrir jafngild störf	Engin launamunur milli kynja fyrir jafngild störf	Engin launamunur milli kynja fyrir jafngild störf
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Virk jafnréttisstefna					Viðvarandi
B2.2	Virkir og gegnsæir stofnanasamningar					Viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

B2.3 Utanlandsferð fyrir starfsmenn á þriggja ára fresti						Viðvarandi
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Úttekt á grænum skrefum.	Fjórum skrefum lokið	Öllum fimm skrefum lokið	Eftirfylgni
		Kolefnisjafna ferðir nemenda og starfsmanna í ferðum á vegum skólans	Grænt bókhald	Lítið um ferðir vegna Covid 19	Ferðir kolefnisjafnaðar	Ferðir kolefnisjafnaðar
		Minnka kolefnispor af ferðum starfsmanna til og frá vinnu	Fjöldi samgöngusamninga	15 starfsmenn a.m.k. með samgöngusamning	20 starfsmenn a.m.k. með samgöngusamning	25 starfsmenn a.m.k. með samgöngusamning
			Loftslagsstefna		Birt á heimasíðu FG	Uppfærð og endurskoðuð af umhverfisnefnd árlega
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Umhverfisdagur á dagskrá á hverri önn / Útskriftarnemendur gróðursetja tré í skógarreit				2021	Viðvarandi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022-2024

B3.2	Endurvekja umhverfisnefnd starfsmanna og nemenda og ráða sérstakan umhverfisfulltrúa	2022	Viðvarandi
B3.3	Fylgst með flokkunartölum frá Terru mánaðarlega, skráð á vegg í opnu miðrými	2021	Viðvarandi

